


Handbók matvælaframleiðanda

Innanhúss

Hráefnamóttökur/geymslur, vinnslusalir, mjaltabásar, mjólkurhús, gripahús, böð, hreinlætisaðstaða og kæligeymslur og annars staðar þar sem hámarkshreinslætis er krafist.



Veggir og loft

Undirlag	Málningarkerfi	Undirvinna	Grunnur	Lokamálun	Athugasemdir
	Vatnsþynnanlegt háflgljáandi eða hágljáandi kerfi.	Steinslípun.	Gifs- og spartlgrunnur nr. 4240 . Ein umferð	Hemukrýl lakkmalning 30 eða 90 . Tvær umferðir.	<i>Í Hemukrýl lakkmalningu eru efni, sem koma í veg fyrir sveppamyndun.</i>
Ný múrhúð	Vatnsþynnanlegt vatnsþétt kerfi	Sama og fyrir ofan.	Resistant Spárrgrunnur nr. 4244 . Ein umferð.	Sama og fyrir ofan.	<i>Í Resistant Spárrgrunni eru efni, sem koma í veg fyrir sveppamyndun.</i>
	Vatnsþynnanlegt tveggja þátta epoxy kerfi.	Sama og fyrir ofan.	Tveggja þátta Epoxy lakkmalning nr. 5014 .	Tveggja þátta Epoxy lakkmalning nr. 5014 . Tvær umferðir.	<i>Þarf + 10°C hita til að harðna.</i>
Nýtt járn.	Vatnsþynnanlegt háflgljáandi eða hágljáandi kerfi.	Hreinsun.	Hemukrýl bitgrunnur nr. 1820 . Ein umferð.	Hemukrýl lakkmalning 30 eða 90 . Tvær umferðir.	

Galvanhúðað járn, ryðfrítt stál, ál og aðrir léttmálm.	Sama og fyrir ofan.	Fituhreinsun með olíuhreinsi.	Sama og fyrir ofan.	Sama og fyrir ofan.	<i>Nýja galvanhúð þarf að matta með sandpappír.</i>
Nýr viður og spónaplötur.	Sama og fyrir ofan Vatnsþynnanlegt vatnsþétt kerfi	Engin Engin	Grunnur nr. 4240 . Ein umferð Resistent Spärrgrunnur nr. 4244 . Ein umferð, þynnt 1:1, með vatni	Hemukrýl lakkmalning 30 eða 90 . Tvær umferðir.	<i>Í Hemukrýl lakkmalningu og Resistant Spärrgrunni eru efni, sem koma í veg fyrir sveppamyndun í loftum og kverkum</i>
Litaðar klæðningar. Áður málaðir járnfletir.	Vatnsþynnanlegt hálgjáljandi eða hálgjáljandi kerfi. Hálgjáljandi og hálgjáljandi kerfi.	Hreinsiefnaþvottur og skolun. Hreinsiefnaþvottur og skolun. Skrópun og ryðhreinsun.	Hemukrýl bitgrunnur nr. 1820 . Ein umferð. Blettun með Hempels Unigrunni nr. 1314 . Tvær umferðir á vel hreinsað járn.	Sama og fyrir ofan.	<i>Þar sem ryð hefur verið vélslípað, er nauðsynlegt að koma í veg fyrir að skarpar brúnir myndist í gömlu malningunni.</i>
Steinfletir áður málaðir með plast eða alkýðmalningu.	Vatnsþynnanlegt hálgjáljandi eða hálgjáljandi kerfi. Sama og fyrir ofan.	Hreinsiefnaþvottur og skolun. Skrópun, burstun og spörtun. Sama og fyrir ofan.	Spartl grunnað með Gifs og spartlgrunni nr. 4240 . Resistent Spärrgrunnur nr. 4244 . Ein umferð þynnt 10% með vartni.	Hemukrýl lakkmalning 30 eða 90 . Tvær umferðir.	<i>Nauðsynlegt að fjarlægja allt laust yfirborð.</i>

Lesið ætíð dósamiðana áður en malningarvinna hefst og kynnið ykkur nauðsynlegustu tæknilegar upplýsingar um malningarefnið s.s. lágmarkstíma á milli umferða, þurrktíma o.fl. Vatnsþynnt malningarefni má aldrei nota við lægra hitastig en 5° C.

Verklýsingar

Ný múrhúð: Ný múrhúð verður að vera a.m.k. eins mánaðar gömul. Laust bundið og duftsmítandi yfirborð er nauðsynlegt að fjarlægja með steinslípun. Fjarlægið ryk eftir steinslípun með stífum burstu. Fitu og önnur óhreinindi verður að fjarlægja með við-eigandi hreinsiefnum, t.d. Malningarhreinsi nr. [6208](#). Mettið síðan yfirborðið í einni umferð af Gifs og spartlgrunni nr. [4240](#). Málið síðan tvær umferðir af Hemukrýl lakkmalningu (nr. [5810](#) eða [5830](#)). Þar sem þvottaálág með sterkum hreinsiefnum er mikið er gott að nota tveggja þátta vatnsþynnanlega Epoxýlakkmalningu nr. [5014](#).



Steinfletir, áður málaðir með plast eða alkýðmálningu: Fjarlægja skal fitu, sölt og önnur óhreinindi með viðeigandi hreinsiefnum, t.d. Málningarhreinsi nr. [6208](#). Fjarlægja skal alla lausa málningu og sprungur hreinsaðar og fylltar með sprunguviðgerðarefnum. Fjarlægjið duftsmitandi og laust yfirborð. Grunnið sprunguviðgerðir með gifs og spartlgrunni nr. [4240](#) eða Ressitent Spärrgrunni nr. [4244](#). Myglu og gróður skal fjarlægja með klórlausn, hreinsiefni og vandlegri skolun. Málið síðan tvær umferðir með Hemukrýl lakk málningu (nr. [5810](#) eða [5830](#)). Þar sem þvottaálag með sterkum hreinsiefnum er mikið er nauðsynlegt að nota tveggja þátta vatnspynnanlega Epoxy lakk málningu nr. [5014](#).

Nýtt járn: Fjarlægja skal fitu, sölt og önnur óhreinindi með olíuhreinsi og vandlegri skolun. Skemmdir á smíðagrunni og ryð skal fjarlægja alveg með véslípun eða sandblæstri. Jafnið út og gerið skarpar brúnir ávalar. Blettið í viðgerðina með Hempels Unigrunni nr. [1314](#). Heilmálið síðan þurrt og hreint járneið með einni umferð af sama. Málið að lokum tvær umferðir með Hemukrýl lakk málningu (nr. [5810](#) eða [5830](#)). Þar sem þvottaálag með sterkum hreinsiefnum er mikið er nauðsynlegt að nota tveggja þátta vatnspynnanlega Epoxy lakk málningu nr. [5014](#).

Galvanhúðað járn, ryðfrítt stál ál og aðrir léttmálmar: Fjarlægja skal fitu, sölt og önnur óhreinindi með olíuhreinsi og vandlegri skolun. Gljáandi yfirborð skal mattslípa með fínnum sandpappír. Skemmdir á galvanhúð og ryðmyndun skal vinna algjörlega niður með véslípun og bletta með Hempels Unigrunni nr. [1314](#). Heilmálið síðan með einni umferð af Hempels Unigrunni nr. [1314](#) eða Hemukrýl bitgrunni nr. [1820](#). Ef flöturinn er ekki mattslípaður er ráðlagt að kanna viðloðun. Málið lítinn flöt með bitgrunninum og athugið viðloðun með t.d. sköfu eftir einn sólarhring. Málið síðan tvær umferðir af Hemukrýl lakk málningu ([5810](#) eða [5830](#)), reynist viðloðun fullnægjandi. Þar sem þvottaálag með sterkum hreinsiefnum er mikið er nauðsynlegt að nota tveggja þátta vatnspynnanlega Epoxy lakk málningu nr. [5014](#).

Húðaðar járnklæðningar, áður málaðir járnfletir: Fjarlægja skal fitu, sölt og önnur óhreinindi með viðeigandi hreinsiefnum, t.d. Málningarhreinsi nr. [6208](#). Skrapið burt lausa málningu og fjarlægjið lausa húð af járnei. Ryð skal fjarlægja algjörlega með véslípun. Jafnið út og gerið skarpar brúnir ávalar. Blettið síðan strax eftir undirvinnu með Hempels Unigrunni nr. [1314](#). Málið síðan tvær umferðir með Hemukrýl lakk málningu (nr. [5810](#) eða [5830](#)). Þar sem þvottaálag með sterkum hreinsiefnum er mikið er nauðsynlegt að nota tveggja þátta vatnspynnanlega Epoxy lakk nr. [5014](#).



Nýr viður og spónaplötur. Nýr viður og spónaplötur verða að vera vel þurrar og lausar við óhreinindi fyrir málun. Blautur viður verður að fá að þorna í a.m.k. eina viku við góðar aðstæður eða uns rakastig viðarins er undir 20%. Grunnmálið í einni umferð við, með Snckerislipgrunni nr. [4243](#) og spónaplötur með Gifs og spartlrunni nr. [4240](#) eða Resistent Spärrgrunni nr. [4243](#). Málið síðan tvær umferðir með Hemukrýl lakkmálningu (nr. [5810](#) eða [5830](#)).

Kæli og frystigeymslur: Þegar kæli- og frystigeymslur eru málaðar skal styðjast við sömu verklýsingar og málningarkerfi og eiga við um hráefnamóttökur/ geymslur og vinnslusali. Þó er nauðsynlegt að málningin fái að þorna í a.m.k. einn sólarhring við 20°C áður en kæling er sett á. Við málun á frystigeymslum skal líða a.m.k. einn sólarhringur á milli umferða og a.m.k. tveir sólarhringar eftir málun, við 20°C og góða loftræstingu, áður en frost er sett á. Góður hiti og góð loftræsting gefur hraðari þurrk.